

## Þýzku grafíksýningunni frestað

Sýningu þeirri, sem opna átti nk. laugardag í Bogasalnum á þýzkri nútímagrafík, hefur nú verið frestað til laugardagsins 27. nóvember nk. og verður hún þá haldin að Kjarvalsstöðum. Þegar varúið að senda út boðskort til ýmissa aðila, en atvagnli þeirra er nú vakinn á þeirri breytingu sem orðið hefur og munu boðskortin gilda þegar sýningin verður opnuð síðar í mánuðinum.

Sýningin nefnist Þýzk grafík á vorum dögum, er farandsýning og kemur hingað á vegum félagsins Germaníu. Bragi Asgeirsson myndlistarmaður annast uppsetningu sýningarinnar.

Bragi sagði í samtali við Morgunblaðið, að aðstandendur hennar hér á landi hefðu átt von á því að sýningin yrði mun minni en raun varð á. Sýninguna átti að halda í Bogasalnum, þar sem Norræna húsið fékkst ekki á þessum tíma, en þegar farið var að taka myndirnar úr kössunum kom í ljós, að í þeim

Framhald á bls. 24

**MYNDARÓÐ** eftir Horst Antes, einn myndlistarmanninn á þýzku grafíksýningunni, sem sankað hefur að sér viðurkenningum og verðlaunum víða í Evrópu á síðustu árum. Efta myndin nefnist Vera með dúfu, hin næsta Vera með rauða P-húfu og flagg og sú neðsta Vera með svarta slá á ryðleir.



# Fær Akranes hitaveitu úr Deildartunguhver?

## Kannað hvort það geti reynzt arðbært með niðurfellingu aðflutningsgjalda á nauðsynlegum búnaði

**BÆJARRÁÐ** Akraness hefur nú til athugunar hvort arðbært geti orðið með tilliti til hugsanlegrar hitaveitu fyrir bæinn að virkja Deildartunguhver í Borgarfirði.

## Reykjaneskennarar fella niður kennslu

**BARNAKENNARAR** á 9. kjörsvæði SÍB (Hafnarfjörður, Garðabær, Alftanes og Suðurnesin) hafa ákveðið að fella niður kennslu 8. nóvember nk. en verja deginum til fundahalda um þau vandamál er stöðja að kennarastéttinni og skólalaldi almennt. Veigamikil umræduatriði þessara funda verður sú staðreynd, að sífellt færri réttindafólk ræðst nú til starfa við skólana vegna lélegra launa og eru dæmin þess að heilu skólarnir séu aðeins „mannaóir“ réttindalausum kennurum.

Kennarar á 9. kjörsvæði SÍB fagna samstöðu í þessum aðgerðum og hvetja kennara um land allt til að fylkja sér um 8. nóvember, segir í fréttatilkynningu frá kennurinum.

## Kennararnemar hefja mótmælaaðgerðir

**NEMENDUR** við Kennaraháskólann munu í dag efna til eins konar setuverkfalls innan skólans og meðtaka ekki kennslu í mótmælaskyni við hinar nýju útlánareglur lánasjóðs ísl. námsmanna. Mótmælaaðgerðir þessar ná til allra nemenda skólans en nemendurnir sem eru um 350 talsins munu allir mæta í skólann en sinna hagsmunabaráttu sinni í stað námsins.

Hyggjast nemur nota fyrri hluta dagsins til að þinga um ýmis málefni, er hagsmuni þeirra varðar, og undirbúa jafnframt þátttöku í mótmælafundi, sem öll nemendasamtök skóla, sem eiga aðild að lánasjóðnum, ætla að efna til á þriðjudag í næstu viku. Síðdegis munu nemendur koma á framfæri við almenning dreifiritum, þar sem gerð er grein fyrir í hverju óánægja nemenda með útlutunarreglur lánasjóðsins er fölginn.

Forsenda slíks er þó að felld verði niður aðflutningsgjöld og söluskattur af leiðslum og búnaði sem þarf til að flytja vatnið þessa löngu vegalengd, en uppástunga um að slík leið til lausnar hitaveituvandamála Akurnesinga verði athuguð hefur komið fram hjá iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen.

Á fundi sem sjálfstæðisfélagin á Akranesi efndu til í fyrrakvöld

kom það fram, að boranir við Leirá hafa leitt í ljós að heita vatnið sem þar fæst hentar ekki til húshatunar og er einasta leiðin að virkja Deildartunguhver. Fyrirsjáanlegt er þó að gífurlegur kostnaður er samfara því að flytja vatnið þessa löngu leið og hitaveitan því ekki arðbær af þeim sökum. Á fundinum skýrði iðnaðarráðherra, frá því að athuga mætti hvort ekki væri unnt að fá felld niður aðflutningsgjöld og söluskatt af þeim búnaði sem til þessara framkvæmda þyrfti og hvort dæmið kynni þá ekki að breytast. Munu bæjaryfir-

Framhald á bls. 24

## Ósannindi Þjóðviljans 1956 um Pétur Benediktsson

**MARTA THORS** hafði samband við Morgunblaðið í gær og bneti á þá staðreynd, að þegar þessar svokölluðu árástir voru gerðar á sovétka sendiráðið hér vegna innrásar Rússa í Ungverjaland, þá stóð hún við hlíð manns síns, Péturs Benediktssonar þáverandi bankastjóra, og Hauks Snorrasonar sem var ritstjóri Tímans, og horfðu þau á mannfjöldann safnast saman í Tungötu og á Hólavallagötu

Mbl. vill benda á, að Þjóðviljinn og kommúnistar réðust helzt að Pétri Benediktssyni, af því að hann var maður óhræddur að segja skoðanir sínar, enda

kom það fram þegar hann þetta sama kvöld, 7. nóv. 1956, flutti ræðu á fundi og fordæmði innrás Rússa í Ungverjaland. Kommúnistar óttuðust penna hans og kusu að reyna að koma því inn hjá fólki, að hann hafi staðið með grjóti í hendi, en ekki penna.

Að sjálfsögðu voru þetta venjuleg ósannindi Þjóðviljans og hans veika vörn.

Ekki þarf að taka fram, að ýmsir aðrir, sem Þjóðviljinn nefndi í nóv. 1956 og reyndi að benda við skrifslæti, voru að sjálfsögðu alsaklausir af slíkri framkomu.

## Flóamarkaður myndlistarnema

**NEMENDUR** í Myndlistar- og handíðaskólunum efna til flóamarkaðar við Bernhöftstorfu í dag og á morgun, þar sem á boðstólum verður ýmiss konar góss, sem nemendur hafa viðað að sér eða gert sjálfir. Flóamarkaður þessi er orðinn árviss í félagsstarfi nemenda, og hann hefst kl. 1 í dag og verður einnig á morgun frá kl. 10 til 6.

## Bókmenntakynning í Keflavík

**BÓKMENNTAKYNNING** verður á vegum Bæjarbókasafns Keflavíkur nk. laugardag og hefst kl. 2 í Félagsbíói.

Þar munu átta rithöfundar lesa úr verkum sínum þeir Ármann Kr. Einarsson sem les úr óprentaðri barnabók, Gunnar Dal, sem les úr Kamölu, sögu frá Indlandi; Hilmar Jónsson les úr skáldsögunni Hundabyllingunni, Jóhann Gíslason les úr ljóðabókinni við Nónvörðuna, Helgi Skúla-son leikari mun lesa úr nýrri bók eftir Jóhannes Helga, Jón Böðvarsson les úr óprentuðum ljóðum, svo og Kristinn Reyrr en Sigurgeir Þorvaldsson les úr ljóðabókinni Hraungrýti.

Þá mun Karlakór Keflavíkur syngja og aðgangur er öllum heimill og ókeypis.

## Leiðrétting

**PRENTVILLA** var í millifyrirsögn greinargerðar Garðabæjar, sem birtist hér í blaðinu í gær, sem kann að gefa villandi hugmynd. Rétt átti millifyrirsögnin að vera svohljóðandi: Erfiðleikar við endurbyggingu Hafnarfjarðarvegar.




Þetta er veggspjald það sem hefur verið komið upp víða og minnir á söfnunina. Sams konar mynd er á umslögum þeim sem send hafa verið út sums staðar á landinu.

## Nálægt einni milljón króna hafa safnast Hjálparstofnun kirkjunnar framlengir söfnunina um viku

NÚ hefur verið ákveðið að söfnunarherferð Hjálparstofnunar kirkjunnar verð framlengd um eina viku. Sagði Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri að það væri gert vegna fjölda beiðna og vegna þess hve undirtektir hefðu orðið góðar. Guðmundur sagði að í gær hefði Hjálparstofnuninni verið kunnugt um gjafir go loford fyrir gjöfum að upphæð lálægt einni milljón króna. Sem dæmi nefndi hann að hjón héldu upp á gullbrúðkaup sitt með því að gefa 50 þúsund krónur. Ekki væri enn farið að berast neitt að

Framhald á bls. 24



Lögreglumenn úr umferðardeild voru að störfum fram eftir kvöldi í gær og höfðu sérstaklega auga með því hvort þeir rækjust á bíla sem ekki hafa verið skoðaðir. Lögreglumönnum varð vel ágengt og voru margir bílar færðir inn til bifreiðaeftirlitsins þar sem eftirlitsmenn kynntu sér ástand bílanna, og voru númerin óspart klippt af bílum. Ljós. Mbl. Friðþjófur.

## Iðnrekendur ánægðir með niðurfellingu sölugjalds

### Vonast til að agnúar verði sniðnir af með nýrri tollskrá

„**FORRÁÐAMENN** Íslenzks iðnaðar eru ákaflega ánægðir með þá ákvörðun að felld skuli niður nú frá og með 1. janúar sölugjald af vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar,“ sagði Davíð Scheving Thorsteinsson formaður Félags Íslenzkra iðnrekenda. Hann sagði jafnframt að þeir vonuðu að framkvæmdin yrði sú, að öll gjöld yrðu felld af vélum, tækjum og varahlutum til iðnaðarins nú um næstkomandi áramót.

Davíð Scheving sagði að þessi

ákvörðun, sem nú hefði verið gerð í fjárlagafrumvarpinu, leysti engan veginn það mál. Þessu var lofað 1970 í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA en nú kvað hann vera 6 ár síðan Óskaplega mörg tollnúmer, vélar til iðnaðarins, tæki og litil hjálpartæki eru enn tolluð upp úr öllu valdi. Sem dæmi nefndi Davíð t.d. Alafoss hefði flutt inn vélar nú nýlega sem kostuðu 1,4 milljónir króna cif. en síðan greiddi félagið í tolla, vörugjald og söluskatt 1,2

milljónir króna. Er það 82,3% tollur en þetta breyttist ekki við niðurfellingu þessa gjalds.

Afram verður 82,3% tollur. Þess vegna fagna iðnrekendur því að tollskrá skuli endurskoðuð og vonast tal þess að fá að vera með í ráðum, er hún verði samín, svo að sníða megí af henni ýmsa agnúa sem þar eru aðeins til vansa.

Þá minnst Davíð Scheving Thorsteinsson á að fiskiðnaður væri ein með 22% sölugjald þar sem ríkisstjórnin liti ekki á hann sem samkeppnisiðnað eins og það er orðað í fjárlagafrumvarpinu.